

Nð.

333. Breytingartillögur

[100. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsinga-
skyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi
þjóðminjavarðar.
2. Við 9. gr. (verður 10. gr.) bætist ný mgr.:
Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta
friðunar áfram.

3. Við 16. gr. (verður 17. gr.). Síðasta mgr. orðist svo:
Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.
4. 18. gr. (verður 19. gr.) orðist svo:
Ekki má flytja úr landi neina muni eða grip, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.
5. Á eftir 21. gr. (verður 22. gr.) komi tvær nýjar greinar:
a. (23. gr.) Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugrip og þá grip, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.
b. (24. gr.) Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.
Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.
6. 23. gr. (verður 26. gr.) orðist svo:
Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.
Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.
Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.
7. 1. mgr. 27. gr. (verður 30. gr.) orðist svo:
Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.
8. Síðari mgr. 31. gr. (verður 34. gr.) orðist svo:
Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eignanda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunar-ákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 23. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.
9. Við 32. gr. (verður 35. gr.).
a. Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.
b. Aftan við 2. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.
c. Aftan við 3. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.
d. Á eftir orðinu „ríkisins“ í 4. mgr. bætist: eða sveitarstjórnar.
10. Við 36. gr. (verður 39. gr.).
a. Í stað orðsins „sveitastjórnarfélag“ í 1. mgr. komi: sveitarfélag.
b. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

11. 40. gr. (verður 43. gr.) orðist svo:

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur menntamálaráðherra, að tillögu þjóðminjavarðar, ákveðið, að gripir þess skuli renna til þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.